

Skipulagsstofnun
Viðtakandi: Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík
Reykjavík, 6.12.2021

Varðar: Svör Landeldis ehf. við umsögnum MAST, Veitna og VÍ vegna tillögu að matsáætlun fyrir framleiðsluaukningu laxeldis á landi.

Umsögn MAST krafðist engra viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.

Vetur

„Í matsáætluninni er ekki skilgreind notkun á hitaveitu Landeldi ehf. vegna framleiðsluaukningarinnar. Vetur benda á að um alla aukna notkun á iðnaðarvatni þarf að semja um sérstaklega“

- Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir áætlaðri þörf á heitu vatni. Samið verður við Vetur ohf. um heitavatnsnotkun.

Veðurstofa Íslands

„Telur Veðurstofan mikilvægt mikilvægt að skoða hvort frekari gagna hafi verið aflað og gerð grein fyrir niðurstöðum slíkrar úttektar fyrir þær framkvæmdir sem áætlaðar eru á svæðinu.“

- Vatnaskil gerðu útreikninga fyrir umhverfismat vegna stækkan fiskeldis Ísþórs og fyrir umhverfismat fiskeldis Laxa. Bæði umhverfismötin eru frá árinu 2020. Stuðst verður við þessar athuganir ásamt önnur fyrirliggjandi gögn.

„Mikilvægt er að skoða möguleg áhrif aukinnar vatnstöku á svæðinu og að ákvarðanir byggi á vel ígrunduðum gögnum með samlegðaráhrif að sjónarmiði.“

- Líkt og segir í kafla 10.5.8 í matsáætlun þá verða samlegðaráhrif með annarri fiskeldisstarfsemi á svæðinu skoðuð.

„Veðurstofan leggur áherslu á mikilvægi þess að gera grein fyrir aðrennslissvæði þeirra borhola sem munu verða notaðar til framleiðslunnar, mögulegt áhrifasvæði og að álagsþol svæðisins verði metið.“

- Fjallað verður um þessi atriði í umhverfismatsskýrslu.

LANDELDI EHF.

„Vakta þarf grunnvatnsstöðu og tryggja að ástandið sé ásættanlegt og innan viðunandi marka, t.d. hvað varðar niðurdrátt og breytingar á seltustigi brunnanna.... Auk þess að vakta grunnvatnsstöðu álagssvæðisins er jafnframt mikilvægt að meta leitni til lengri tíma, sem og áhrif náttúrulegra breytinga.“

- Landeldi ehf. mun stöðugt vakta vatnsstöðu í borholum sínum enda eru þær, og vatnsgæðin í holunum, undirstaða framleiðslunnar. Sama gildir um aðra fiskeldisstarfsemi í nágrenninu og ættu því að verða til ítarleg gögn um stöðu vatnsgeymisins í rauntíma og þróun yfir tíma.

Fyrir hönd Landeldis ehf.
Ingólfur Snorrason

Skipulagsstofnun
Viðtakandi: Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 17.12.2021

Varðar: Svör Landeldis ehf. við umsögnum Hafrannsóknastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar vegna tillögu að matsáætlun fyrir framleiðsluaukningu laxeldis á landi.

Hafró

„Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 hafa verið og eru í innleiðingarfasa hér á landi og eiga þau við um losun næringarefna í viðtaka/vatnshlot. Mikilvægt er að við matsvinnu verði tekið tillit til þessara laga“

- Tekið verður tillit til umræddra laga.

Umhverfisstofnun

„Stofnunin telur mikilvægt að gerð verði ítarlega grein fyrir því hvernig fráveitunni verði háttað í umhverfismatsskýrslu.“

- Í umhverfismatsskýrslu verður greint frá fyrirkomulagi fráveitu.

„Fram kemur í matsáætlun að lagðir verði fram útreikningar á næringarefnalosun stöðvarinnar. Umhverfisstofnun minnir á að þeir útreikningar skulu taka mið af heildarframleiðslu á ári og bendir rekstraraðila á að kanna hvort hann sé með réttar formúlur fyrir losunarútreikninga en annars hafa samband við stofnunina.“

- Landeldi þakkar þessa ábendingu og mun ganga úr skugga um að réttar formúlur verði notaðar.

„Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að gerð hafi verið grein fyrir óafturkræfum áhrifum jarðrasks á hraunið í umhverfismati fyrsta fasa framkvæmdarinnar þá sé hér um að ræða tölverða stækkan þar sem ráðgert er að nýta nú óraskað landsvæði. Því telur stofnunin mikilvægt að í umhverfismati verði fjallað um áhrif á jarðmyndanir og mótvægisgerðir“

- Ekki er verið að nýta óraskað svæði, framleiðsluaukningin rúmast öll innan lóðarinnar og þess svæðis sem áður hefur verið gerð grein fyrir. Lóðin er á deiliskipulögðu svæði sem er skipulagt iðnaðarsvæði í aðalskipulagi og hefur því nú þegar farið í gegnum bæði umhverfismat

áætlana og umhverfismat framkvæmda. Að því sögðu þá verður að sjálfsögðu umfjöllun um að lóðin sé á nútímhrauni sem muni raskast við framkvæmdirnar, en það verður ekki fjallað um jarðmyndanir sem sérstakan umhverfisþátt.

Náttúrufræðistofnun Íslands

„*Gera þarf grein fyrir lagnaleið heits vatns og rafmagns að eldisstöðinni.*“

- Hitaveita og rafmagns tengjast stöðinni einfaldlega í gegnum dreifikerfi Veitna í Þorlákshöfn í götunni.

„*Gera þarf betur grein fyrir hreinsibúnaði og því magni uppleystra efna sem mögulega sleppa í gegnum hann t.d. vegna hreinsiefna, lyfja- og efnanotkunar í eldisstöðinni, ásamt mögulegum áhrifum þess á lífríki við frárennslisútrás.*“

- Í umhverfismatsskýrslu verður umfjöllun um þessi atriði.

„*Í tengslum við sóttvarnir á bls. 14 stendur að gerð verði grein fyrir vörnum gegn smitleiðum með meindýrum og vargi, búnaði og gestum stöðvarinnar. Hugtakið varfur er hvergi notað ílögum um villt dýr eða lögum um umhverfismat og er að mati Náttúrufræðistofnunar merkingarlaust og ætti að gera grein fyrir því hvaða dýr er hér átt við þegar nefnd eru meindýr og varfur.*“

- Landeldi þakkar þessa ábendingu og mun ekki nota orðið varfur í umhverfismatsskýrslu. Í umhverfismatsskýrslu verður greint frá því hvaða dýrategundir eru líklegastar til að sækja í stöðina og hvernig því verður varist.

„*Gera þarf grein fyrir efnistöku og efnistökusvæðum í tengslum við framkvæmdina*“

- Efnisþörf vegna framkvæmdarinnar er minniháttar og mun mikið af nýtanlegu efni fást innan lóðarinnar sjálfrar. Gerð verður grein fyrir utanaðkomandi efni og verður umfjöllun sambærileg fyrra umhverfismati, en þar sagði:
 - Vegna nýtingar efnisins verða efniskaup og flutningar, frá efnisnánum inn á athafnarsvæðið, vegna framkvæmdarinnar, hverfandi. Einungis er áætlað að flutningur efnis taki yfir harpað finna efni í yfirlag, vegslóða, bílastæða og þjónustuplana, og muni nema um 1.200 m^3 er dreifast munu á uppbyggingartíma framkvæmdarinnar

„*Gera þarf grein fyrir strandrofi og mögulegum hættum á sjávarflóðum.*

- Gerð verður grein fyrir strandrofi og sjávarflóðum í umhverfismatsskýrslu.

„*Koma þarf fram í hvað miklum mæli framleiðsla eldisstöðvarinnar sé ætluð til útflutnings og áhrif þess á kolefnisspor fyrirtækisins.*“

- Ekki stendur til að fjalla um kolefnisspor fyrirtækisins né allra flutninga á vegum þess. Það hefur ekki verið venjan í umhverfismötum hér á landi nema um sé að ræða mjög kolefnislosandi starfsemi, sem landeldi á laxi er ekki. Að því sögðu þá er Landeldi ehf. fyrirtæki sem er mjög umhugað um umhverfið og grænt orðspor sitt og leggur mikla áherslu á að minnka kolefnisspor sitt og umhverfisáhrif sem kostur er.
- Í þessu samhengi er vert að nefna að Landeldi ehf. hefur samið við Haga ehf. um að sjá öllum verslunum þeirra fyrir laxi, alls er um 38 Bónus og Hagkaupsverslanir að ræða. Tölubarverður hluti framleiðslunnar fer því á innanlandsmarkað.
- Landeldi ehf. og sveitarfélagið Ölfus hafa undirritað samkomulag um aðkomu fyrirtækisins að Þorláksskógunum, sem er verkefni Skógræktarinnar á Hafnarsandi.
<https://www.landeldi.is/en/frettir/deep-atlantic-salmon-in-38-stores-in-iceland>
- Landeldi ehf. og sveitarfélagið Ölfus hafa undirritað samkomulag um aðkomu fyrirtækisins að Þorláksskógunum, sem er verkefni Skógræktarinnar á Hafnarsandi.
<https://www.landeldi.is/en/frettir/landeldi-and-olfus-authorities-sign-forestry-agreement>

„*Mikilvægt er að skoðuð verði samlegðaráhrif fiskeldisfyrirtækja innan svæðisins í heild (bæði starfandi og fyrirhugaðar fiskeldisstöðva) þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir frárennsli í sjó og áhrifa vatnstöku á grunnvatnstöðu*“

- Líkt og segir í kafla 10.5.8 í matsáætlun þá verða samlegðaráhrif með annarri fiskeldisstarfsemi á svæðinu skoðuð.

Fyrir hönd Landeldis ehf.

Ingólfur Snorrason

Skipulagsstofnun
Viðtakandi: Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík
Reykjavík, 12.1.2022

Varðar: Svör Landeldis ehf. við umsögn Orkustofnunar vegna tillögu að matsáætlun fyrir framleiðsluaukningu laxeldis á landi.

„Orkustofnun telur mikilvægt að við rannsóknir vegna umhverfismats verði skoðuð bæði áætluð meðalupptaka og hámarksupptaka grunnvatns og ljóst sé hvorrar tölunnar verið er að vísa til“

- Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir áætlaðri meðalupptökum og hámarksupptökum og reynt að hafa umfjöllun sem skýrasta svo það sé ljóst hvað sé til umfjöllunar.

„Í ljósi þess að þessi sjónarmið stofnunarinnar hafa ítrekað þegar komið fram, og sérstaklega gagnvart framkvæmdaraðila, vekur athygli að sama viðmiðun virðist vera viðhöfð í matsáætlun (bls. 12) og í fyrri áföngum. Engin tilvitnaðra heimilda í matsáætlun (nr. 7, 8, 9) fjallar þannig með sértækum hætti um aðstreymi ferskt grunnvatns á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, né koma fram áform um sértækar rannsóknir þessu tengt sem grundvöll undir frummatsskýrslu. Orkustofnun telur því, með vísan til framanritaðs, mikilvægt að fyrir liggi rannsóknir og greining á vatnsgæfni fersks grunnvatns á lóð framkvæmdaraðila og mat á áhrifum af nýtingu fyrirhugaðs magns á jafnvægið milli ferska grunnvatnsins og jarðsjávar“

- Núgildandi leyfi Orkustofnunar fyrir vatnstöku heimilar ferskvatnsnýtingu upp á 300 l/s með möguleika á aukningu upp í 500 l/s að undangengnum rannsóknum á áhrifum nýtingar á rennsli og seltu ferskvatns, blandlags og jarðsjávar. Til stendur að útfæra þessar rannsóknir með ÍSOR eftir áramót og verður gerð grein fyrir þeim í umhverfismatsskýrslu.
- Einnig þarf Landeldi að skila inn vöktunaráætlun til OS fyrir 1. mars 2022 og er vinna við slíka áætlun um það bil að hefjast. Landeldi mun því útfæra vöktunaráætlun fyrir þann tíma og mun hún m.a. byggja á rauntímaupplýsingum úr þeim borholum sem færð er á að vakta, en um er að ræða holur á vegum Landeldis sem og annarra aðila í nágrenninu.
- Til viðbótar við skýrslu frá 2018 þá gerði Vatnaskil útreikninga fyrir umhverfismat vegna stækkun fiskeldis Íspórs og fyrir umhverfismat fiskeldis Laxa. Bæði umhverfismötin eru frá árinu 2020. Stuðst verður við þessa útreikninga ásamt önnur fyrirliggjandi gögn.

LANDELDI EHF.

„Þá hvetur stofnunin framkvæmdaraðila að huga að áformuðum staðsetningum borhola út frá þessum rannsóknum og niðurstöðum þeirra með hliðsjón að aðstreymi grunnvatns og áhrifa af grunnvatnstöku. Af gefnu tilefni bendir stofnunin jafnframt á að það getur verið munur á afmörkun leyfissvæðis skv. auðlindalögum og lóð leyfishafa en það verður að vera tryggt að allar nýtingarholur séu innan leyfissvæðis og að fyrir liggi heimild landeiganda til að nýta vatnið á viðkomandi svæði.“

- Gerð verður grein fyrir staðsetningu borhola í umhverfismatsskýrslu, og verður málið unnið í samvinnu við sveitarfélagið og Orkustofnun.

Fyrir hönd Landeldis ehf.
Ingólfur Snorrason

Skipulagsstofnun
Viðtakandi: Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík
Reykjavík, 20.1.2022

Varðar: Svör Landeldis ehf. við umsögn sveitarfélagsins Ölfuss vegna tillögu að matsáætlun fyrir framleiðsluaukningu laxeldis á landi.

„vill sveitarfélagið benda á mikilvægt þess er að hreinsisíur í frárennsli sem framkvæmdaraðili lýsir í skýrslu virki sem skyldi og að eftirlit sé haft með virkni, m.a. með sýnatöku í frárennsli“

- Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir frárennsli og vöktun

„Því er mikilvægt að ristar og sleppigildrur séu ávallt í lagi til að koma í veg fyrir blöndun eldisfiska við villta fiska. Sveitarfélagið telur að ristar/sleppigildrur skulu vera við hvert ker sem og í sameiginlegu frárennsli stöðvarinnar“

- Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir vörnum gegn slysasleppingu fiska

„Einnig telur sveitarfélagið að lífrænan úrgang frá stöðinni (dauð seiði, fóðurafgangar, seyra úrtromlusíu o.s.frv.) skuli ekki geyma undir beru lofti heldur ávallt í lokaðum gámum/ilátum“

- Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir meðhöndlun lífræns úrgangs

„Pá leggur sveitarfélagið áherslu á að gönguleið við strandlengju neðan stöðvarinnar sem fram kemur í aðalskipulagi sé haldið opinni og bendir á mikilvægi þess að ljós mengun frá stöðinni verði haldið í lámarki með viðeigandi ljósabúnaði, skermun og öðrum aðgerðum.“

- Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir aðgerðum til að halda gönguleið við strandlengju opinni, ásamt viðeigandi ljósahönnun.

Fyrir hönd Landeldis ehf.
Ingólfur Snorrason